

Ársskýrsla Nemastofu atvinnulífsins 2022

Stjórnir Iðunnar fræðsluseturs og RAFMENNTAR stofnuðu Nemastofa atvinnulífsins þann 18. mars 2022.

Markmið Nemastofu atvinnulífsins er að fjölga fagmenntuðu starfsfólki á vinnumarkaði m.a. með því að fjölga fyrirtækjum sem bjóða nemum námssamning, stuðla að fjölgun iðnnema, styðja við og styrkja vinnustaðanám í iðngreinum og stuðla að góðu starfsumhverfi fyrir nema óháð kyni í iðnnámi.

Markmið Nemastofu atvinnulífsins er að stuðla að fjölgun iðnnema, kynna námstækifæri í iðn- og starfsnámi fyrir ungu fólki; styðja iðnnema sem eru ekki með íslensku að móðurmáli í iðnnámi; vinna gegn brottfalli í iðn- og starfsnámi; stuðla að jafnari kynjahlutfall í iðngreinum; taka þátt í verkefnum sem miða að því að bæta ímynd vinnustaðanáms; efla vitund innan fyrirtækja um mikilvægi jákvæðarar vinnustaðamenningar ofl. Áherslur og verkefni Nemastofu atvinnulífsins eru í takt við heimsmarkmið um sjálfbæra þróun.

Þjálfun og kennsla

Verkefni Nemastofu atvinnulífsins er að styðja við fyrirtæki sem bjóða vinnustaðanám s.s. bjóða þjálfun og fræðslu um rafræna ferilbók, kynna hagnýtar aðferðir við þjálfun og kennslu á vinnustað, kynna leiðir til að innleiða og viðhalda jákvæðri vinnustaðamenningu o.fl. Verkefni Nemastofu er að stuðla að góðu starfsumhverfi nema óháð kyni. Mikill kynjahalli er í iðngreinum en einn liður í því að fjölga faglærðum á vinnumarkaði er að fjölga konum í iðngreinum. Efla þarf þekkingu tilsjónarmanna og meistara í iðngreinum á hagnýtum og gagnlegum aðferðum sem stuðla að jákvæðum samskiptum og vellíðan á vinnustað. Nemastofa vinnur að því að taka saman vefvænt fræðsluefni um vinnustaðanám s.s. um notkun á rafrænni ferilbók, um jákvæða vinnustaðamenningu, um fjölmenningslegan bakgrunn iðnnema, leiðir til að vinna gegn einelti, áreiti og ofbeldi á vinnustað og fl.

Iðan fræðslusetur og RAFMENNT fjármagna verkefni Nemastofu atvinnulífsins auk þess sem mennta- og barnamálaráðuneyti styrkir verkefni félagsins.

Nemastofa setti upp heimasíðu, facebook - og Instagram síðu til að auðvelda samskipti og miðlun upplýsinga um vinnustaðanám sjá www.nemastofa.is

Nemastofa atvinnulífsins er að innleiða gæðakerfi fyrir starfsemi félagsins auk þess sem verkefni Nemastofu, tölfraði og mælikvarðar eru sett upp í sérstöku mælaborði. Í mælaborðinu er m.a. yfirlit um tölfraði s.s. skráning á fjölda fyrirtækja og starfsgreina í birtingaskrá, fjölda kynningarfundar, fyrirtækjaheimsókn, þátttakenda á námskeiðum, um fjölda nema eftir iðngreinum iðngreinum og fl.

Fyrirmyndarfyrirtæki Nemastofu atvinnulífsins

Nemastofa tók þátt í hátíð Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur þann 4. febrúar sl. og veitti þremur fyrirtækjum og iðnmeisturum viðurkenningu fyrir framlag þeirra og stuðning við starfsmenntakerfið. Viðurkenningu hljóta fyrirmyndarfyrirtæki í þjálfun og kennslu nema á vinnustaða. Fyrirmyndarfyrirtæki Nemastofu atvinnulífsins árið 2023 voru fyrirtækin; HD, Klipphúsið og SOS Lagnir.

Á árinu 2022 - 2023 hélt Nemastofa atvinnulífsins samtals 35 kynningarfundir um rafræna ferilbók og skráningu fyrirtækja á birtingaskrá. Fundirnir voru haldnir í fyrirtækjum, hjá meistarafélögum, iðngreinafélögum og í framhaldsskólum. Þátttakendur voru samtals 380.

Nemastofa hélt námskeið á netinu fyrir iðnmeistara og tilsjónarmenn um notkun og skráningu í rafræna ferilbók í samstarfi við Menntamálastofnun. Eins námskeiðið Þjálfun og kennsla á vinnustað þar sem áhersla er lögð á jákvæð samskipti meistara, tilsjónarmanna og nema. Markmiðið er auka færni tilsjónarmanna að veita nemum endurgjöf, um mikilvægi jákvæðrar vinnstaðamenningar, um jafningjafræðslu o.s.frv. Námskeiðin voru þátttakendum að kostnaðarlausu en samtals sóttu 107 þátttakendur þessi námskeið 2022 til 2023.

Nemastofa tekur þátt í notendaráði Advaníu, Menntamálastofnun og umsjónarfólki rafrænu ferilbókarinnar í framhaldsskólum um nokun og skráningu í rafræna ferilbók. Í þeim vettvangi hafa komið fram mjög gagnlegar upplýsingar og tillögur að umbótum á kerfi rafrænu ferilbókarinnar.

Nemastofa hefur verið í samskiptum við Menntamálastofnun og ráðuneytið um aukið aðgengi félagsins að upplýsingum úr umsjónarkerfi rafrænu ferilbókarinnar og eins framsetningu birtingaaskrár á heimasíðu Menntamálastofnunar. Breytingar hafa gengið hægt en vilji stjórnvalda er að auka aðgengi Nemastofu atvinnulífsins að upplýsingum úr námsumsjónarkerfi rafrænu ferilbókarinnar og eins að tekið verði tillit til sjónarmiða og hagsmuna atvinnulífs um framkvæmd vinnustaðanáms og notkun ferilbókarinnar.

Umsjónarkerfi rafrænu ferilbókarinnar er í mótun en eins og staðan er núna þá skortir enn á upplýsingar um fjölda nema stunda iðnnám í framhaldsskólum, eins rauntímaupplýsingar um fjölda nema sem eru skrá skráð í rafræna ferilbók eftir greinum og fyrirtækjum, um fjölda iðnnema eftir námsbrautum og búsetu sem eiga eftir að komast í vinnustaðanáms og innritast í rafræna ferilbók og fl. Þessi staða dregur verulega úr nauðsynlegri yfirsýn á framkvæmd vinnustaðanáms í landinu. Vinna að úrbótum á kerfishluta rafrænu ferilbókarinnar hefur gengið hægt fyrir sig en Advanía hefur stýrt þeirri vinnu.

Um miðjan desember 2022 fékk Nemastofa heimild til aðstoða fyrirtæki við skráningu á birtingaskrá en borið hafði á því að fyrirtækin lentu í vandræðum með skráningu í gegnum rafræn skilríki eða Íslykli fyrirtækisins.

Hæfnikröfur og rafræn ferilbók í iðngreinum.

Forsvarsmenn fyrirtækja og meistarar hafa óskað eftir því að Nemastofa taki saman athugasemdir um framkvæmd og notkun á rafrænni ferilbók eftir starfsgreinum og vinnur Nemastofa að því að skrá niður athugasemdir úr atvinnulífi um inntak og notkun ferilbókanna. Nemastofu telur mikilvægt að fara yfir og greina með reglulegum hætti færniþarfir í iðngreinum og hæfnikröfur viðkomandi náms og í framhaldi að fundin sé lipur farvegur fyrir tillögur að umbótum á ferilbókum og eftir atvikum námsbrautarlýsingum í iðngreinum.